


HÖNNUNARSAFN
MUSEUM OF DESIGN
AND APPLIED ART
ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 2020



AÐ KOMA AUGA Á TÆKIFÆRIN

Sigríður Sigurjónsdóttir

Forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands

Hönnun snýst að miklu leyti um það að koma auga á tækifæri. Á árinu 2020 var það einmitt þessi hæfileiki, ásamt því að bregðast við með stuttum fyrirvara, sem við þurftum að tileinka okkur. Safnið var lokað í tæpa þrjá mánuði og fjöldatakmarkanir, allt niður í tíu manns, settu strik í reikninginn hvað varðar hefðbundið safnastarf.

Þegar safnhúsið var lokað almenningi vegna COVID skapaðist svigrúm til að staldra við og rýna í stafræn rými safnsins. Hafist var handa við að skoða hvert rými fyrir sig. Hvað ætti heima í hverju rými, hvernig þau tengdust viðfangsefnum og starfsemi safnsins, hvaða tækifæri leyndust í þeim og hvernig við gætum skipulagt okkur til að virkja þau sem skyldi. Að lokinni þessari vinnu fékk hvert rými ákveðnar áherslur og hverjum starfsmanni var úthlutað raunhæfu hlutverki. Rýmin sem um ræðir eru heimasíða, Facebook, Instagram og Google Maps.

Margfalt fleiri gestir heimsækja þessi rými en sjálft safnhúsið. Sem dæmi, þá horfðu 2900 gestir á hluta eða allan fyrirlestur Guðmundar Odds um Stofnendur FÍT (Félag íslenskra teiknara) á Facebook í tengslum við rannsóknarverkefnið Íslensk myndmálssaga. Að stað-aldri mæta um 30–40 manns á slíkan viðburð í safninu. Hægvarp úr vinnustofu hönnuðar var einn daginn heimsótt af 8000 manns. Vinnusmiðja með fuglasmið á Facebook náði til 1500 manns og 6600 manns hlustuðu á hljóðleiðsögn í tengslum við sýningu Sveins Kjarvals á Facebook.

Gestir staldra við frá 3 sekúndum upp í rúmlega 60 mínútur á staf-rænum viðburðum. Við sjáum að þetta höfðar til fólks og munum halda áfram að nýta þessi rými.

Samtals voru haldnir 25 viðburðir á árinu í safnhúsinu við Garðatorg, sem 2017 gestir heimsóttu. Á Facebook voru haldnir 22 viðburðir (fyrirlestrar, leiðsagnir, hægðörp og smiðjur) sem 27.284 gestir heimsóttu.

Safnhúsið skiptist í vinnustofu fyrir hönnuði, safnbúð, sýningarsal og opið rannsóknarrými, auk skrifstofu og varðveislurýmis. Á árinu var „smiðjan“ tekin í notkun, nýtt rými sem er um 90 fm ætlað fyrir safnfræðslu, smiðjur, námskeið og fleira. Á árinu tók til starfa menningarfulltrúi hjá Garðabæ, Ólöf Breiðfjörð, sem þróað hefur fræðsluheimsóknir fyrir börn á grunnskólastigi í samstarfi við safnið. Ólöf heldur utan um öll samskipti við skólana sem er boðið á sérhannaða leiðsögn um sýningar safnsins og í framhaldinu verkefni í smiðjunni sem tengist viðfangsefni og efnivið sýninganna. Þar fá börnin að kynnast efniviðnum með snertingu og sköpunargleði að leiðarljósi. Á árinu tók safnið á móti um 240 grunnskóla-börnum, en árið 2021 verða þau líklega um 1200. Þetta er bylting í starfi safnsins.



Stella Stefánsdóttir
Formaður stjórnar Hönnunarsafns Íslands

Í Garðabæ er gróskumikið menningarlíf. Menning og listir eru gildur þáttur í samfélaginu og mikilvægt sameiningarafl. Árið 1998 undirrituðu bæjarstjórnin í Garðabæ, menntamálaráðherra og formaður þjóðminjaráðs samning um samstarf að undirbúningi og uppbyggingu hönnunarsafns í Garðabæ. Í árslok 2006 tók Garðabær svo að sér rekstur og stjórn Hönnunarsafns Ísland við undirritun samnings bæjarstjóra í Garðabæ menntamálaráðherra og fjármálaráðherra. Samningurinn kveður á um árlegt rekstrarframlag og stofnframlag ríkisins til safnsins. Samningur um stofnframlagið hefur enn ekki verið kláraður, en Garðabær og ríkið hafa séð um rekstrarframlög.

Einn megintilgangur safna er að mennta, uppfæða og taka þátt í og móta samfélagið. Það er fengur að Hönnunarsafni Íslands hafi verið valinn staður í Garðabæ og að sveitarfélagið hafi verið tilbúið að fóstara safnið. Í dag er safnið einn af hornsteinum samfélagsins og líf-legrar flóru menningar og mannlífs, þjónustu og verslunar á Garðatorgi.

Sveitarfélagið Garðabær lætur sig varða eflingu lista- og menningarstarfs barna og ungmenna. Hönnunarsafnið er barnvænt safn og tekur á móti vaxandi fjölda nemenda ár hvert. Stór hluti starfsemi Hönnunarsafnsins miðar að þessum hópi. Safnið hefur tekið þátt í Barnamenningarhátíð Garðabæjar og verið ötult við að bjóða upp á viðburði, afþreyingu, örnámskeið sem og lengri námskeið fyrir börn og ungmenntu, m.a. í gegnum Hönnunarskóla Hönnunarsafns Íslands, sem safnið starfrækir.

Heimsóknir barna og ungmenna á söfn geta skilað margvíslegum ávinningi. Söfn eru tilvalinn vettvangur fyrir börn til að læra og afla þekkingar. Oft veita söfn innsýn inn í heim sem ekki eru gerð ítarleg skil í skólum eða annarsstaðar. Mikilvægi hönnunar fer vaxandi. Innsýn í hönnun og fjárfestingar í hönnun hafa jákvæð áhrif á umfang nýsköpunar. Á Hönnunarsafninu hefur verið lögð áhersla á að vekja áhuga og auka vitund og forvitni barna og ungmenna á hönnun. Í heimsókn í safnið geta börn og ungmenni kannað nýja þekkingu á sviði hönnunar og svalað forvitni á eigin forsendum. Þetta getur örvað sköpun, gagnrýna hugsun og skapað nýjar tengingar við heiminn í kringum þau.


Árið 2020 tók safnið í notkun nýtt rými, Smiðjuna, sem hefur verið nýtt fyrir safnafræðslu, námskeið og smiðjur m.a. fyrir börn og ungmenni. Aukin áhersla hefur verið lögð á safnafræðslu. Þá hefur Hönnunarskóli Íslands, sem Hönnunarsafnið setti á laggirnar árið 2019, haldið áfram að bjóða ungmendum upp á spennandi hönnunar-námskeið. Ungmenni í sumarstarfi í Hönnunarsafninu á vegum Garðabæjar gæddu safninu lífi yfir sumarmánuðina og tóku þátt í margvíslegum verkefnum á safninu.

Þrátt fyrir óvenjulegt ár hefur safnið iðað af lífi þegar aðstæður hafa leyft. Forstöðumaður Hönnunarsafnsins og starfsmenn eiga hrós skilið fyrir útsjónarsemi, sveigjanleika og þrautseigju við reksturs safnsins á árinu. Þeir hafa sýnt kjark til að grípa ófyrirséð tækifæri árið 2020 og vinna úr þeim nýjungar fyrir safnið sem hafa raungerst á skömmum tíma. Þá hefur teymið þróað ný tækifæri í samstarfi við menningarfulltrúa Garðabæjar sem m.a. snúa að uppbyggingu safnastarfs fyrir börn og ungmenni sem verður spennandi að fylgjast með á komandi árum.


Sveitarfélagið Garðabær hefur mikinn metnað fyrir hönd Hönnunarsafnsins. Fyrirhugað er að skoða möguleika á að stækka og bæta núverandi húsakost Hönnunarsafnsins á Garðatorgi. Breytingin myndi gefa kost á betra flæði á safninu, að setja upp varanlega sýningu og létta á varðveislurými safnsins. Allt eru þetta brýn verkefni og myndu auka veg og virðingu safnsins til framtíðar. Grundvöllur að þessum breytingum er að ná samningum við menntamálaráðherra og fjármálaráðherra um efndir ríkisins á uppfærðu stofnframlagi sem lagt var drög að í samningi frá 2006.

Safnhús

Stafræn rými




Safnið var lokað í samtals 11 vikur og fjöldatakmarkanir í gildi mikinn hluta ársins.





- 1 „Gestir með lykla“ er sérstakt átaksverkefni safnsins, þar sem aðilum sem vinna að verkefnum tengdum starfsemi safnsins er boðin aðstaða í safninu til að vinna í opinni vinnustofu, rannsóknarrými eða á skrifstofu safnsins.
- 2 Af 357 börnum sem heimsóttu safnið mættu 200 í smiðjur.

Samtals gestir frá árinu 2016—2020



Samtals voru haldnir 25 viðburðir á árinu í safnhúsinu, sem 2017 manns sóttu.





Þegar safnhúsið var lokað almenningi vegna COVID skapaðist svigrúm til að staldra við og rýna í stafræn rými safnsins. Eitt og annað var prófað og niðurstaða var í grófum dráttum þessi:

Heimasíða

Allar hefðbundnar upplýsingar um sýningar og viðburði.

Facebook

Kynningar á viðburðum, umfjallanir í fjölmiðlum, myndir úr opnunum og öðrum viðburðum, hægðörp úr vinnustofu hönnuða, fyrirlestrar og leiðsagnir, sýningar eins og Jóladagatal safnsins. Þá var safnbúð safnsins einnig sett upp á Facebook.

Instagram Story

Dagbók, innsýn inn í daglegt líf á safninu, með áherslu á safnbúðina um helgar.

Instagram-færslur

Fróðleiksmolar sem tengjast sýningum og annarri starfsemi safnsins. Möguleikar á sýningum sem sem henta vel inn í þetta rými eins og sýningin @100ar100hlutir

Instagram IGTV


Lengri frásagnir sem eru ýmist formi dagbókar eða leiðsagna.

Google Maps

Staðsetning safns og opnunartími, upplýsingar um hvaða sýningar eru í gangi, myndir af sýningum.

Margfalt fleiri gestir heimsækja þessi rými en sjálft safnahúsið.

Viðburðir á Facebook 2020



Samtals voru haldnir 22 viðburðir á Facebook, sem 27.284 gestir heimsóttu. Ein sýning, Jóladagatalið í 24 færslum, náði 23.945 áhorfum.

Vinir í lok árs

	Facebook
2020	4775
2019	4343

	Instagram
2020	2545
2019	ekki aðgengilegt

Google Maps
Tölur eru ekki aðgengilegar aftur í tímann, en þegar þetta er skrifað í júlí 2021 hafa 21.718 skoðað síðu safnsins á Google Maps á einum mánuði. Þetta er því mest skoðað af stafrænum rýmum safnsins.

Fremri salur

Sveinn Kjarval — Það skal
vanda sem lengi á að standa
02.11.2019—30.08.2020

100% Ull
19.09.2020—31.12.2021

Stigahús

Pappírsblóm
Rúna Þorkelsdóttir
Samstarf við Safnasafnið
17.06.—06.09.

Safnið á röngunni

Íslensk myndmálssaga,
vinnustofa
24.03.—30.08.

Átak í forvörslu og skráningu
textílgripa
31.10.—30.12.

Skráning á verkum
Guðmundar Kr. Kristinssonar,
arkitekts
01.10.2020—26.02.2021

12

13

Vinnustofudvöl

Silfursmiður í vinnustofudvöl
Anna María Pitt
25.10.2019—23.02.2020

Vefari í vinnustofudvöl
Ásthildur Magnúsdóttir
06.03.—06.06.

Flokk till You Drop
í vinnustofudvöl
Berglind Ósk Hlynisdóttir
Rebekka Ashley Egilsdóttir
Melkorka Magnúsdóttir
Samstarf við LHÍ og
Rauða krossinn
23.06.—30.08.

Fuglasmiður í vinnustofudvöl
Sigurbjörn Helgason
17.09.—30.12.

Sýning á Facebook

Jóladagatal 2020 byggt
á gjöf Textílfélagsins til
Hönnunarsafns Íslands

Sýning utan safns

Fertile Soil: The Glit Era
in Icelandic Ceramics
01.04.2018—
The Retreat Blue Lagoon

SÝNINGAR



Silfursmiður í vinnustofudvöl
Anna María Pitt
25.10.2019—23.02.2020



Vefari í vinnustofudvöl
Ásthildur Magnúsdóttir
06.03.—06.06.



Flokk till You Drop í vinnustofudvöl
Berglind Ósk Hlynisdóttir
Rebekka Ashley Egilsdóttir
Melkorka Magnúsdóttir
Samstarf við LHÍ og Rauða krossinn
23.06.—30.08.

14

15



Fuglasmiður í vinnustofudvöl
Sigurbjörn Helgason
17.09.—30.12.

Á árinu 2020 dvöldu 6 hönnuðir í vinnustofudvöl í anddyri safnsins. Silfursmiður, fuglasmiður, vefari, og teymið Flokk till You Drop, sem samanstendur af fatahönnuði, vöruhönnuði og mannfræðingi. Aðstaðan er hluti af safnbúð safnsins. Vinnustofudvölin miðast við þrjá mánuði og gefur möguleika á samtali milli gesta safnsins og hönnuðanna. Fyrirkomulagið lífgar upp á safnaumhverfið og gefur innsýn í aðferðafræði og störf hönnuða. Vinnustofudvölin hefur einnig stuðlað að því að víkka tengslanet hönnuðanna, og þeir hafa fengið góða kynningu á sínum verkum. Gestir og starfsfólk safnsins hafa notið þess að vera í góðum félagsskap og skapandi andrúmslofti.

VINNUSTOFUDVÖL



SAFNIÐ Á RÖNGUNNI

Frá árinu 2018 hefur innri sýningarsalur safnsins verið nýttur sem opið rými til rannsókna. Safnið nýtir rýmið ýmist fyrir eigin skráningarverkefni eða býður rannsakendum á sviði hönnunar rýmið til umráða. Þetta er lifandi rými þar sem gestir og starfsfólk safnsins eiga í samtali við rannsakendur. Það hefur verið fróðlegt að upplifa og átta sig á því hvað rými er dýrmætt í rannsóknarvinnu. Sem dæmi, þegar um að ræða skráningarverkefni fæst gott yfirlit yfir gripina og auðvelt er að skoða sýningarmöguleika og samhengi verkanna. Við rannsókn eins og þá sem fór fram í rýminu í síðastliðinn vetur um íslenska myndmálssögu er áhrifamikið og skýrt að ganga inn í stórt rými, þar sem hver myndmálsstefna hefur sinn vegg eða borð, hægt er að dreifa úr myndmálinu, sjá tengingar og samhengi sem erfiðara er að átta sig á þegar rannsóknargögnum er flett í bók eða tölvu. Það sama má segja um rannsókn Sigmundar Freysteinsonar á textíllitun með íslenskum plöntum. Það er eitt að fletta möppu með 504 litaprufum en annað að stilla þeim upp á stóran vegg og fá yfirsýn yfir alla litadýrðina. Þetta hefur verið merkileg uppgötvun á tímum þegar tilhneigingin hefur verið að setja allt í minna og minna format: tölvuskjá, síma, úr. Við höfum komist að því að rými fyrir rannsóknir er afar mikilvægt.



ÁTAK Í FORVÖRSLU OG SKRÁNINGU TEXTÍLGRIPA 31.10.–30.12.

Verkefnisstjóri: Þórdís Anna Baldursdóttir, forvörður MA.
Tilgangur: Átak í fyrirbyggjandi og styrkjandi forvörslu textíla sem varðveittir eru á Hönnunarsafni Íslands.
Verkefnið hlaut styrk úr Safnasjóði.

Ferli verkefnisins

Að verkefninu unnu Þórdís Baldursdóttir, sjálfstætt starfandi forvörður, og Þóra Sigurbjörnsdóttir, sérfræðingur safneignar á safninu. Stefnt var að því að þær mundu kynna verkefnið fyrir safngestum á opinni vinnustofu, *Safnið á röngunni*. Vegna tilmæla sóttvarnayfirvalda var safnið að mestu lokað meðan unnið var að verkefninu og brugðið á það ráð að forvörður ynni meira á eigin vinnustofu vegna fjöldatakmarkana. Sérfræðingur safneignar setti upplýsingar um verkefnið á vef og aðra netmiðla safnsins.

Undirbúningur verkefnisins hófst haustið 2019, þegar Þórdís heimsótti safnið og skoðaði ástand, þökkun, frágang og umhverfi textíla í varðveislurými með safnstjóra og sérfræðingi safneignar. Ákveðið var að sækja um styrk til að gera átak í forvörslu textíla með áherslu á hreinsun, faglega þökkun, frágang og styrkjandi meðferð valdra gripa í mjög viðkvæmu ástandi.

Starf forvarðar fól í sér ráðgjöf við innkaup á þökkunarefni og skipulagningu, gerð upplýsingatexta fyrir gesti m.a. um umhverfi, skaðvalda, frýstingu textíla, þökkun, frágang og styrkjandi forvörslu. Gerðar voru úrbætur á þökkun og frágangi fatnaðar, myndlistar og fleiri safngripa. Stólar í mjög viðkvæmu ástandi voru forvarðir, en fleiri textílar á safninu þarfnast styrkjandi forvörslu.

Helstu niðurstöður og lærdómur

Úrbætur á þökkun og frágangi textíla og styrkjandi forvarsla valdra safngripa stuðla að langtíma varðveislu, faglegum vinnubrögðum við meðhöndlun sem og bættu aðgengi að safnkosti. Þórdís miðlaði þekkingu sinni til sérfræðings safneignar hjá

safninu. Í dag vantar safnið hentugra varðveislurými fyrir textíl þar sem hægt er að stýra hita og raka sem og tryggja betur að engin óæskileg skordýr komist í tæri við safngripina.

ÍSLENSK MYNDMÁLSSAGA, VINNUSTOFA

01.12.2019–30.08.2020

Verkefnisstjóri: Unnar Örn Jónasson Auðarsson.
Rannsóknarprófessor: Guðmundur Oddur Magnússon.
Tilgangur: Að rannsaka og skrásetja hönnunarframlag fyrstu kynslóðar teiknara sem lagði grunninn að Félagi íslenskra teiknara (FÍT). Verkefnið er styrkt af Rannsóknasjóði Rannís. Samstarfsverkefni Listaháskóla Íslands, Landsbókasafns Íslands og Hönnunarsafns Íslands.

Ferli verkefnisins

Meginmarkmið rannsóknarverkefnisins var að flokka, greina og setja í sögulegt samhengi myndrænar frasetningar í prentuðu efni á tímabilinu 1844–1944.

Niðurstöðum rannsóknarinnar var miðlað til almennings með sýningum og fyrirlestrum innan veggja Listaháskólans, Landsbókasafnsins og Hönnunarsafnsins.

Fyrstu tveir hlutar rannsóknarinnar fóru fram í Landsbókasafni Íslands og var niðurstöðum miðlað þar með sýningum og fyrirlestrum. Síðasti hluti rannsóknarinnar fór fram innan veggja Hönnunarsafnsins þar sem sjónum var beint að tímabilinu 1910–1944 með sérstaka áherslu á fyrstu kynslóð teiknara, stofnendur Félags íslenskra teiknara — FÍT. Var þeim hönnuðum fylgt eftir og slóð þeirra rakin. Þetta er fólkið sem lagði grunninn að því sem í dag kallast „grafísk hönnun“.

Byrjað var á því að flytja öll gögn rannsóknarinnar í rými Hönnunarsafnsins — vinnugögn, prentefni, bækur og önnur frumgögn. Gripum var raðað tilviljanakennt á borð og í hillur. Þannig fékkst góð tilfinning fyrir umfangi rannsóknarinnar og efnistökm hennar. Fljótt var efninu raðað saman eftir höfundum. Í framhaldi voru gögn og gripir tengdir sögu grafískrar hönnunar í eigu Hönnunarsafnsins flutt inn í rýmið og umfang þeirra skoðað.

Rannver Hannesson, forvörður hjá Landsbókasafninu, heimsótti safnið fyrstu vikuna í febrúar og veitti ráðgjöf varðandi pökkun og umpökkun á pappír og prentuðu efni tengdu rannsókniinni.

Becky Forsythe, aðstoðar-rannsakandi, vann í safninu mars, apríl og maí við skrásetningu og gerð gagnagrunns yfir lauskápusafn Hönnunarsafnsins, sem og grunn-skráningu á verkum sem safnast höfðu á tíma rannsóknarinnar.

Á þessu tímabili var lögð áhersla á að skrá og umpakka gripum í safneign Hönnunarsafnsins sem tengjast sögu grafískrar hönnunar. Byrjað var að skrá verk Ágústu Pétursdóttir Snæland (1915–2008) og Helgu B. Sveinsbjörnsdóttur (1933–2000).

Vinnustofan var þannig lifandi staður þar sem unnið var að rann-sókninni frá degi til dags. Þar voru sjónrænar heimildir kannaðar og frumgögn hönnuða skráð í safneign Hönnunarsafnsins.

Á tímabilinu apríl–september 2020 birtust ólíkar niðurstöður í formi örsýninga og hugarkorta. Einnig var afrakstri vinnunnar miðlað með samtölum og fyrirlestrum.

Áhersla var lögð á að fá inn í safneign Hönnunarsafnsins frum-gögn, skissur og teikningar sem tengjast frumherjum FÍT.

Það voru Eva Ísleifsdóttir og Harpa Hrund Pálsdóttir, aðstoðar-rannsakendur, sem unnu í safninu yfir tímabilið við umpökkun á gripum sem og grunnskráningu á verkum í rafræna gagnasafnið Sarpur.is

Ættingjar allra helstu stofnenda FÍT komu í viðtal í safninu og var munnlegum heimildum um verkefni og starfsemi viðkomandi hönnuða safnað í gagnagrunn verkefnisins. Þannig voru húsakynni safnsins notuð sem lifandi staður til að taka upp bæði hljóð og mynd, sem síðan var miðlað jafnóðum bæði á samfélags-miðlum sem og í rými safnsins.

Helstu niðurstöður og lærdómur
Starfsmenn safnsins og gestir fengu innsýn í rannsóknarferlið, kynntust sögunni á bak við íslenskt myndmál og tóku þátt í samtölum tengdum viðfangsefninu.

Rannsakendur afhentu safninu valin gögn að lokinni rannsóknardvöl sinni. Það efni sem rannsóknin aflaði og var skráð í opinn gagnagrunn samstarfsstofnananna (leitir.is og Sarpur.is) opnaði fyrir aðgengi að efni rannsóknarinnar.

Fræðsla

Covid faraldurinn kom í veg fyrir að hægt væri að sinna þessu hlut-verki sem skyldi.

- Ω Alls komu í heimsókn tveir grunnskólahópar, 48 nemendur.
- Ω Tveir framhaldsskólahópar, 28 nemendur.
- Ω Einn háskólahópur, 13 nemendur.
- Ω Starfsnemar úr safnafræði við HÍ, 8 nemendur.
- Ω Samtals 98 nemendur.

Viðburðir

Fyrirlestur — Stofnendur FÍT og frumherjar grafískrar hönnunar á Íslandi

Fyrirlesari: Guðmundur Oddur Magnússon, rannsóknarprófessor við Listaháskóla Íslands. 23.08.2020

Fyrirlesturinn var tekinn upp og er aðgengilegur á Facebook og heimasíðu safnsins. Samtals eru 2900 gestir sem hafa horft á hluta eða allan fyrirlesturinn.

Fyrirlestur — Art Nouveau og Art Deco
Fyrirlesari: Guðmundur Oddur Magnússon, rannsóknarprófessor við Listaháskóla Íslands. 07.06.2020

Fyrirlestur — Nýklassík og handverkshreyfingin
Fyrirlesari: Guðmundur Oddur Magnússon, rannsóknarprófessor við Listaháskóla Íslands. 17.05.2020

Fyrirlestur — Rekaviður, um ferðalög hugmyndanna
Fyrirlesari: Guðmundur Oddur Magnússon, rannsóknarprófessor við Listaháskóla Íslands. 07.02.2020

20

21

SKRÁNING Á VERKUM GUÐMUNDAR KR. KRISTINSSONAR, ARKITEKTS 01.10.2020–26.02.2021

Skráning: Guðmundur Örn Grétarsson, arkitekt.
Tilgangur: að skrá og gera aðgengilegar teikningar Guðmundar Kr. Kristinssonar.
Verkefnið var styrkt af Hönnunarsjóði.

Guðmundur Örn Grétarsson, barna-barn Guðmundar Kr. Kristinssonar (1925–2001), hlaut styrk frá Hönnunarsjóði til að ljósmynda og forskrá teikningar afa síns, sem geymdar eru í Hönnunarsafni Íslands. Fjölskylda Guðmundar afhenti safninu teikningasafnið formlega í tengslum við skráninguna.



100% ULL



Sýningarstjórar: Signý Þórhallsdóttir og Birgir Örn Jónsson
Teiknari: Rán Flygenring
Lengd sýningar: 19.09.2020–31.01.2021

Ull er klassískur, náttúrulegur efniviður með óendanlega möguleika. Á þessari sýningu gaf að líta dæmi um vörur úr íslenskri ull sem hönnuðir og handverksfólk eru að fást við í dag.

Þátttakendur sýningarinnar komu frá ólíkum sviðum hönnunar og handverks, en eiga það sameiginlegt að vinna af hugvitssemi með íslensku ullina í sínum afurðum. Þau eru: Ásthildur Magnúsdóttir, vefari, Magnea Einarsdóttir, fatahönnuður, Verslunin Kormákur & Skjöldur, fyrirtækið Kula by Bryndís, sem sérhæfir sig í hljóðvistarlausnum, samstarfsverkefnið Ró, sem hefur notað ull sem fylliefni í dýnur, og ullarvinnslufyrirtækið Ístex.

Markmiðið var að gera grein fyrir ferlinu bak við hverja vöru, hvað það koma margir að framleiðslu vöru eins og til dæmis tweed jakka-fatanna frá Kormáki og Skildi. Það eru bændurnir sem rækta féð sem gefur ullina, Ístex sem hreinsar og flokkar ullina, fjölskyldufyrirtæki í Austurríki sem spinnur og vefur ullina, annað fyrirtæki í Skotlandi sem einnig sér um að spinna og vefa, hönnuður sem hannar fötin, saumastofa í Istanbul sem saumar fötin og loks starfsfólk í verslun sem selur fatnaðinn. Til að varpa ljósi á umfangið og hlutverk hvers og eins teiknaði Rán Flygenring aðilana sem koma að verkinu á mismunandi stigum og gaf þannig heildarmyndina.



Fræðsla

Fyrir sýninguna *100% Ull* var unnin fræðsludagskrá í samstarfi við menningarfulltrúa Garðabæjar.


Ákveðið var að útbúa heimsókn fyrir grunnskólahópa og bjóða sérstaklega miðstiginu (5.—7. bekk) í heimsókn á sýninguna. Ásgerður Heimisdóttir var fengin til liðs við starfsfólk safnsins til að sinna fræðslunni. Hún er mikil áhugamanneskja um ullina og þekkir efnið vel, ásamt því að hafa góða og hispurslausa nærveru og fljótlega kom í ljós að hún nær afar vel til skólahópanna.

Heimsóknin fólst í því að nemendur fengu leiðsögn um sýninguna þar sem áhersla var á að tengja mismunandi verkefni sem sýnd voru á sýningunni við vangaveltur um t.d. fatnað nemenda. Á einum stað var uppbygging ullarinnar skoðuð með því að draga tog og þel í sundur og á öðrum veltu nemendur fyrir sér hvaðan fötin þeirra komu og hversu langa leið þau hefðu farið um heiminn til Íslands. Einnig var spáð í hversu margir koma að framleiðslunni hjá tveimur mismunandi fyrirtækjum, þar sem annað framleiðir allt á Íslandi og hitt er með framleiðslu sína erlendis. Ástæður, möguleikar og takmarkanir varðandi þannig framleiðslu voru ræddar og nemendur voru áhugasamir í þessum umræðum. Leiðsagnirnar fóru fram með samtalsaðferð þar sem nemendur voru spurðir og virkjaðir til þátttöku.

Eftir kynningu á efninu var farið inn í nýja smiðju og unnið með tvö náttúruleg hráefni, ullina og trjágreinar úr nærumhverfinu. Verkefni nemenda var afar einfalt, þar sem þeir völdu sér eina grein og mismunandi litað band og vöfðu því utan um greinina. Allir hópar réðu vel við verkefnið. Greinarnar urðu alltaf skemmtilegar og undu nemendur sér vel. Greinarnar voru að lokum hengdar upp í Smiðjunni og voru þannig til sýnis fyrir aðra gesti safnsins. Nemendur voru spenntir fyrir því og sumir komu aftur til að sýna fólkinu sínu hvar þeirra grein var.

24

25



Með svona einföldu en jafnframt skapandi verkefni reyndu nemendur sig við þennan efnivið sem þeir höfðu áður fengið kynningu um. Þeir fengu jákvæða upplifun af safnheimsókn þar sem ekki var notast við skrifaðan texta og úrlausnir á blaði. Reynt er í fræðslu safnsins að notast sem minnst við textaverkefni þannig að allir eigi jafnan aðgang að fræðslunni.

- ☉ 189 nemendur á miðstigi sóttu fræðsluverkefnið á sýningunni *100% Ull*.
- ☉ Fleiri hópar fengu kynningu á sýningunni, en þá var ekki unnið verkefni í smiðju heldur boðið upp á leiðsögn og umræður.
- ☉ 33 nemendur í 3 framhaldsskólahópum komu í leiðsögn.
- ☉ 51 nemandi úr háskólum skiptust á 3 hópa komu í leiðsögn
- ☉ Safnið var lokað vegna Covid frá 8. okt.—17. nóv.

Jóladagatal Hönnunarsafns Íslands 2020 01.12.—24.12.

Sýning á Facebook og í glugga í anddyri safnsins. Sýningarstjórar: Ingiríður Óðinsdóttir og Þóra Sigurbjörnsdóttir. Sýningin byggði að þessu sinni á gjöf Textílfélagsins til Hönnunarsafns Íslands. Gjafirnar bárust safninu árið 2017 í tengslum við samstarfsverkefni þar sem safnað var inn upplýsingum um feril félaga Textílfélagsins. Í jóladagatalinu er ávallt einn hlutur sýndur á dag frá 1.—24. desember ásamt gamansömum og áhugaverðum texta.

- ☉ Jóladagatalið hefur verið sett upp frá 2014, að undanskildu árinu 2019.
- ☉ Sýningin náði 23.945 áhorfum á Facebook.



HÖNNUNARSKÓLI HÖNNUNARSAFNS ÍSLANDS

Lengd 10 vikur
Kennslustundir 20

Aldur 13–16 ára
Fjöldi 12 nemendur hámark

- © Hönnunarskóli Hönnunarsafnsins er í boði fyrir ungt fólk sem langar að kynnst því hvernig hönnuðir og hugmyndasmiðir vinna.
- © Þátttakendur fá innsýn í störf og aðferðafræði hönnuða.
- © Í gegnum samtöl, skissur og frumgerðir gefst innsýn í hvað felst í því að vera arkitekt, spilahönnuður, vöruhönnuður, fatahönnuður og matarhönnuður.
- © Fimm hönnuðir koma að kennslu á námskeiðinu, sem er byggt þannig upp að í fyrstu tvö skiptin er unnið með arkitektaverkefni, næstu tvö spilahönnunarverkefni og þannig koll af kolli.
- © Hönnunarskóli Hönnunarsafnsins er rekinn í samstarfi við Klífið, skapandi setur, og þróaður að fyrirmynd og í samtali við Hönnunarsafn Danmerkur, Designmuseum Denmark.

Í versluninni má finna hönnunarvöru eftir um 30 íslenska hönnuði, auk úrvals bóka. Vörurnar í búðinni tengjast starfsemi safnsins, sýningum, vinnustofudvölum og safneign.

Fólk kemur í auknum mæli inn í safnbúðina og við leggjum okkur fram við að upplýsa gesti um verkefnið sem þar er að finna. Í raun er safnbúðin einskonar sýningarsalur, þar sem lögð er áhersla á vandaða framsetningu og áhugaverða og fallega vöru.

Safnbúðir gegna æ mikilvægara hlutverki í söfnum. Þær hafa lægri „þröskuld“ en söfnin sjálf og fyrir marga er heimsókn í búðina mikilvægur hluti heimsóknarinnar. Gestir fá tækifæri til að taka með sér „hlut“ úr heimsókninni. Um leið styður fólk við íslenskt handverk og hönnuði og safnið sjálft.

Það þarf hæfileika til að setja saman vandaða safnbúð og við erum svo heppin að Ingiríður Óðinsdóttir, afgreiðslustjóri safnsins, býr einmitt yfir þessum hæfileikum.



SAFNBÚÐ

28

29

Þegar nýjar sýningar eru settar upp í safninu er leitast við að endurnýta efni úr fyrri sýningum.

Innréttingar og efni eru endurnýtt eins og sjá má á sýningunum 100% ULL og Deiglumór. Í rannsóknarrými safnsins og í vinnustofurými hönnuða í anddyri eru nýttar innréttingar og húsgögn sem til eru í safninu. Þeim er raðað upp á mismunandi hátt eftir því sem hentar hverju verkefni.




ENDURNÝTING

REKSTUR

Innkoma	
Aðgangseyrir og þjónustutekjur	943.890
Sala í safnbúð	5.023.150
Ríkissjóður	18.000.000
Styrkir	5.638.000
Framlag Garðabæjar	68.248.205
Samtals innkoma	97.853.245

Gjöld	
Launakostnaður	34.721.436
Húsaleiga (varðveislurými, sýningarsalir og skrifstofur)	34.261.968
Innkaup v. safnbúðar/birgðabreyting	3.268.434
Önnur vörukaup	5.732.019
Þjónustukaup	19.869.388
Samtals gjöld	97.853.245



30

Stjórn safnsins á miklar þakkir skilið og þá sérstaklega fyrir stefnumótunarvinnu sem fram fór í lok árs 2018 og hefur verið uppfærð reglulega. Stjórn safnsins skipa: Stella Stefáns-dóttir, Guðlaugur Kristmundsson og Kristín Björk Björgvinsdóttir.

Texti Sigríður Sigurjónsdóttir
Hönnun og umbrot Studio Studio
(Arnar Freyr Guðmundsson, Birna Geirfinnsdóttir með Arnari Hjartarsyni)
Prentun Prentmet

Útgefið september 2021

